



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2019

R19050108

720

Borgarráð

***Tillaga að lausn fyrir nemendur Seljaskóla skólaárið 2019-2020 í kjölfar bruna í húsnæði skólans þann 12. maí sl.***

Lagt er til að borgarráð samþykki að sú leið sem farin verði til að tryggja húsnæði fyrir nemendur Seljaskóla, skólaárið 2019-2020, eftir bruna í húsnæði skólans þann 12. maí sl. verði að útbúa aðstöðu fyrir nemendurnar í húsnæði Fellaskóla, sbr. hjálagt minnisblað sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2019. Með því móti fer kostnaður í framkvæmdir sem þörf er á til frambúðar í stað tímabundinnar lausnar ásamt því að talið er æskilegt að Reykjavíkurborg eigi traust húsnæði sem hægt sé að nýta fyrir starfstöðvar sem eru í neyð og þá væri hægt að nýta þetta húsnæði Fellaskóla til þess. Fjármögnun á tillögunni er lögð fram samhliða í viðauka við fjárfestingaáætlun.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2019



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Málsnr.: R/19050108  
Skjalasafn Ráðhúss  
24. júní 2019  
Bréfalykill: 720

Reykjavík, 12. júní 2019

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Ámundi V. Brynjólfsson skrifstofustjóri USK  
Halldóra Káradóttir skrifstofustjóri FMS  
Óli Jón Hertervig SEA

**Sendandi:** Helgi Grímsson sviðstjóri skóla- og frístunda

---

### *Efni: Seljaskóli - Lausnir fyrir skólaárið 2019-2020*

#### **Seljaskóli fái aðstöðu í Fellaskóla:**

Í skoðun kom í ljós að það þyrfti að lagfæra ýmislegt svo sem dúka, málningu, ljósum, skjávröpum og tússtöflum en einnig þarf að fara í endurnýjun á einni kennslustofu, kennslueldhúsi og tveimur salerniskjörnum. Kostnaður vegna þessa endurbóta er áætlaður um 75-80mkr. með umsjón og eftirliti. Við framkvæmdakostnað bætist við rútukostnaður sem áætlaður er um 27mkr. fyrir skólaárið en þó er líklegt að sú upphæð gæti lækkað þar sem ekki allir nemendur myndu nýta þessa þjónustu.

#### **Færanlegar stofur á lóð Seljaskóla:**

Búið er að áætla þeim kennslustofurn sem eru til hjá Reykjavíkurborg. Kostnaður við að byggja færanlega stofu fyrir eitt skólaár þykir ekki góð fjárfesting auk þess sem ekki er talið gerlegt að byggja og koma þeim niður fyrir haustið.

#### **Gámastofur á lóð Seljaskóla:**

Rætt var við Stólpa og Byko sem flytja inn og leigja gáma sem hægt er að setja saman. Fengið var verð frá Stólpa í leigu á gámum fyrir skólaárið 2019-2020, skoðað voru kostnaðartölur frá USK við niðursetningu og frágang á þessum gámum við Gufunesbæ og skoðaður kostnaður við uppsetningu á búnaði svo sem skjávarpa, tússtöflur og fleira. Kostnaðaráætlun vegna gámana fyrir eitt skólaár er rúmlega 130 mkr. með niðursetningu. Óvíst er hvort það fengist samþykkt sem kennsluhúsnæði að vera einungis með eitt salerni í hverri stofu fyrir 25 nemendur og 2 kennara. Einnig er hljóðvist í strípuðum gámum sem þessum mjög slæm og sérstaklega þegar kemur að kennslu og því viðbúið að það þurfi að bregðast við því með auknum kostnaði.

#### **Kennsla í öðru húsnæði:**

Kannað var húsnæði sem áður hýsti Menntaskólann Hraðbraut í Faxafeni. Leiga á mánuði er um 6mkr. Nokkrar lagfæringar þarf að gera á húsinu og má ekki hefja verið gerð áætlun varðandi þær. Engin lóð er við húsið. Við leigu og framkvæmdakostnað bætist við rútukostnaður sem áætlaður er um 27mkr. fyrir skólaárið.

#### **Niðurstaða:**

Það er skoðun SFS eftir að hafa skoðað eftirfarandi lausnir fyrir Seljaskóla skólaárið 2019-2020 að lagfæra húsnæði Fellaskóla svo Seljaskóli geti haft aðstöðu þar. Þar færi kostnaður ekki í tímabundna lausn heldur í framkvæmdir sem myndi koma til hvort sem væri fyrir að Seljaskóli eða ekki en mögulega ekki fyrr en á næstu árum. Flestar þessara framkvæmdir eru óhjákvæmilegar og kominn tími á að framkvæma og mikilvægt að bæta aðstöðuna í Fellaskóla. Í ljósi reynslunnar er æskilegt að Reykjavíkurborg eigi traust húsnæði sem hægt er að nýta fyrir starfsstöðvar sem eru í neyð og þá væri hægt að nýta þetta húsnæði í Fellaskóla til þess.

**Samantekt á áætluðum kostnaði**

	Framkvæmda- kostnaður	Leigukostnaður	Rútukostnaður	Heildarkostnaður
Gámar á lóð	61.000.000 ISK	19.000.000 ISK	0	80.000.000 ISK
Færanlegar stofur á lóð, 3 nýjar og 2 eldri.	200.000.000 ISK	- ISK	0	200.000.000 ISK
Breytingar og lagfæringar á Fellaskóla	80.000.000 ISK	- ISK	27.000.000 ISK	107.000.000 ISK
Húsnæði Faxafeni (Hraðbraut)	Óvitað	60.000.000 ISK	27.000.000 ISK	87.000.000 ISK

*Upplýsingar um kostnað vegna færanlegra stofa, uppsetningu á gámum og endurbóta í Fellaskóla eru fengnar frá USK. Innri leiga er ekki talin.*